

Gilá .....	10
Marðarnúpur .....	6
Guðrúnarstaðir .....	2
Kárdalstunga .....	1
Þórormstunga .....	38
Torfustaðakot .....	44
Forsæludalur .....	38
Grimstunga .....	95
Haukagil .....	46
Saurbaer .....	32
Ás .....	44
Brúsastaðir .....	7
Snæringstaðir .....	5
Undirfell .....	35
Kornsa .....	14
Gilsstaðir .....	14
Flaga .....	14
Helgavatn .....	14
Hnjúkur .....	16
Breiðabólstaður .....	10
Miðhús .....	16
Vatnsdalshólar .....	86
Sveinsstaðir .....	103
Steinnes .....	35
Leysingjastaðir .....	10
Þingeyrar og Geirastaður .....	175

Samtals: 1300 einingar.

Arðskrá þessi gengur í gildi nú þegar, og skal hún gilda til 31. des. 1940.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Ísafjarðar.

15

8. marz

### I. Verð á raforku.

Rafveita Ísafjarðar selur raforku á virkjunarsvæði sínu í Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhreppi með eftirtöldu verði:

- Orku, sem aðeins er notuð til almennrar lýsingar, selur rafveitan um kíló-wattstundamæla fyrir 75 aura hverja kwst. Yfir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst selur hún þó orku um venjulega ljósamæla fyrir 7 aura hverja kwst.
- Orka til véla verður seld á 25 aura hver kwst. Þó má rafveitustjórn semja sérstaklega um verð á orku til véla 15 kw. eða stærri, enda sé árleg notkun þeirra eigi skemmri en 1000 klukkustundir.
- Til suðu og hitunar selur rafveitan orku á 7 aura hverja kwst. Þó má rafveitustjórn fyrst um sinn selja raforku til hitunar á húsum fyrir 4 aura hverja kwst., en þó aðeins með því skilyrði að segja megí þeirri notkun upp fyrirvaralaust, ef nauðsynlegt er að álitu rafveitustjórnar.

- 15 D. Orku til götulýsingar selur rafveitan á 25 aura kwst. Þó er rafveitustjórn heim-  
 8. marz ilt að gera sársamning við bæjarstjórn um verð götulýsingar, en leggja skal þá  
 til grundvallar framanritað verð.  
 E. Um hafnarlýsing fer eftir sársamningi við bæjarstjórn.  
 F. Ef sérstaklega stendur á má rafveitustjórn selja orku eftir sérstökum samn-  
 ingum.

## II. Mælaleigur.

Fyrir venjulega einfasa mæla sé leigan í fyrstu 4 árin 50 aurar á mánuði, en kr. 1.00 á mánuði fyrir venjulega þrífasa mæla. Eftir þann tíma lækki leigan niður í 25 aura á mánuði fyrir einfasa mæla, en 50 aura fyrir þrífasa mæla. Rafveitan á mælana og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

## III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugagjöldin miðast við fasteignamatsverð húsa með lóðum og mannvirkjum á þann hátt er hér segir:

Fasteignamat Kr.	Heimtaugargjald	
	Jarðstrengur kr.	Lofllína kr.
2500	50	30
2500—5000	65	40
5000—7500	100	60
7500—10000	125	75
10000—12500	140	90
12500—15000	150	100
15000—17500	160	105
17500—20000	170	110
20000—25000	180	115
25000—30000	190	120
30000—35000	200	125
35000—40000	210	130
40000—50000	215	135
50000—60000	225	140
60000—70000	235	145
70000—80000	245	150
80000—90000	255	155
90000—100000	265	160
100000—125000	280	170
125000—150000	295	180
150000—200000	310	200

Yfir 200000 kr. 10.00 fyrir hver 50 þús. eða minna fyrir jarðstreng.  
 Krónur 5.00 á sama hátt fyrir loftlínu.

Ef lengd jarðstrengsheimtaugar er meiri en 15 metrar, skal húseigandi kosta það sem fram yfir er. Sama gildir um loftlínuheimtaugar sem eru lengri en 40 m.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má rafveitustjórn semja um heimtaugargjaldið við húseigendur.

Gjöld þessi mega greiðast með 6 jöfnum afborgunum á 3 árum og séu gjald dagar 1. júní og 1. október ár hvert.

Þeir húseigendur, er fengið hafa rafmagn leitt í hús sín eða pantað leiðslur fyrir 1. maí þ. á., fái 20% afslátt á ofan nefndum heimtaugagjöldum, miðað við að gjöldin séu greidd á 3 árum samkv. framanrituðu, en séu gjöldin staðgreidd skal gefa 25% afslátt á þeim.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir 1. janúar 1938.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 1923, til þess að gilda frá því að rafveita Ísafjarðar tók til starfa.

15

8. marz

*Atrvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. marz 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Skólabyggingarsjóð Hólshrepps, í Bolungarvík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. marz 1937. Skipulagsskráin er þannig:

16

12. marz

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólabyggingarsjóð Hólshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólabyggingarsjóður Hólshrepps. Heimili hans og varnarþing er í Bolungarvík.

2. gr.

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, hefir sérstakt fjárhald og skal vera óháður fjárreiðum sveitarsjóðsins. Ákvæðum þessarar greinar má aldrei breyta.

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður á tímabilinu frá 29. desember 1930 til þessa dags, aðallega með tekjum af skemmtunum, gjöfum og 500 króna framlagi úr sveitarsjóði Hólshrepps. Fyrstu tekjur sjóðsins eru 86 krónur, ágóði af skemmtisamkomu, er haldinn var í Bolungarvík 26. desember 1930; en fyrstu tildrög til sjóðsstofnunarinnar er tillaga frá skólanefnd Hólshrepps um stofnun skólabyggingarsjóðs í héraðinu, með 500 króna árlegu framlagi úr sveitarsjóði, og að kosin sé 5 manna nefnd til að afla sjóðnum tekna. Var tillaga þessi borin upp og samþykkt á hreppsnefndarfundum í Hólshreppi 16. maí 1930.

Eignir skólabyggingarsjóðs eru við árslok 1935 kr. 1766.33, í viðskiptabók nr. 951 við Sparisjóð Bolungarvíkur.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstólnum.
2. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að áskotnast.
3. Tekjur af ýmsri starfsemi, er stjórn sjóðsins hefir með höndum.
4. Tillög úr sveitarsjóði Hólshrepps.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur, ef stjórn sjóðsins telur það tryggt, en annars í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum eða ríkisskuldabréfum. Skal sjóðurinn jafnan vera handbær með hæfilegum fyrirvara.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu vandaðs skólahúss í Bolungarvík.
2. Að vera til eflingar skólalahalds í Hólshreppi, svo sem til kaupa á kennslutækjum fyrir barnaskólann o. fl.